Nr. 4. 10. febr.

6. Burðareyrir undir peninga, sem sendir eru með póstávísun, skal vera 20 aurar fyrir hverjar 30 kr. eða minni upphæð, samt eigi meir en 80 aurar.

Að öðru leyti skal það haldast, sem ákveðið er í auglýsingu 26. septbr. 1872.

þetta skal hjermeð kunngjört til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í innanríkisstjórninni og stjórnarráðinu fyrir Ísland, 10. dag febrúarm. 1876.*

*E. Skeel.* *Nellemann.*

*F. Vestergaard,*
asst.

---

Nr. 5. 11. febr.

# Lög

um

## stofnun læknaskóla í Reykjavík.

---

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

I Reykjavík skal stofnaður læknaskóli, og skal forstöðumaður hans jafnframt vera landlæknir.

6. Portoen for Penge, som udvexles ved Postanvisning, skal udgjøre 20 Øre for hver 30 Kr. eller derunder, dog ikke over 80 Øre. Nr. 4. 10de Febr.

Iøvrigt har det sit Forblivende ved Bestemmelserne i Bekjendtgjørelse af 26de Septbr. 1872.

Hvilket herved bekjendtgjøres til Efterretning for alle Vedkommende.

**Indenrigsministeriet og Ministeriet for Island, den 10de Februar 1876.**

*E. Skeel.* *Nellemann.*

*Arlaud.*

---

# Lov

Nr. 5. 11te Febr.

om

## Oprettelsen af en Lægeskole i Reykjavik.

---

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,**

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I Reykjavik oprettes en Lægeskole, hvis Forstander tillige er Landfysikus.

Nr. 5.
11.
febr.

2. grein.

Forstöðumaðurinn skal sem forstöðumaður og jafnframt landlæknir hafa 4800 kr. í laun á ári hverju.

3. grein.

Skipaður skal og einn fastur kennari og hefir hann 1800 kr. að launum.

4. grein.

Auk þess skal hjeraðslæknirinn í Reykjavík skyldur að gegna læknakennslu í einni eða fleirum vísindagreinum, og skal hann fyrir þenna starfa hafa 800 kr. í árlega þóknun.

5. grein.

Ráðgjafinn fyrir Ísland semur reglugjörð fyrir skólann.

6. grein.

Það er skilyrði fyrir því, að þeir, sem útskrifast úr þessum skóla, geti orðið hjeraðslæknar, að þeir hafi hinn ákveðna tíma gengið á fæðingarstofnunina í Kaupmannahöfn, og að minnsta kosti eitt missiri á spítalana þar.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 11. dag febrúarm. 1876.*

**Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*Nellemann.*

---

§ 2.

Forstanderen for Lægeskolen tillægges i hans dobbelte Egenskab af Forstander og Landfysikus en aarlig Løn af 4800 Kr.

§ 3.

Ved Skolen ansættes en fast Lærer med en aarlig Løn af 1800 Kr.

§ 4.

Det paahviler derhos Distriktslægen i Reykjavik at meddele Undervisning i Lægeskolen i et eller flere Lærefag, for hvilket Hverv han erholder et aarligt Honorar af 800 Kr.

§ 5.

Ministeren for Island affatter et Reglement for Skolen.

§ 6.

De fra den nævnte Skole dimitterede Kandidaters Adgang til at opnaa Ansættelse som Distriktslæger er betinget af, at de have gjennemgaaet et klinisk Kursus ved den kongelige Fødselsstiftelse i Kjøbenhavn og i det mindste i et halvt Aar have frekventeret Hospitalerne sammesteds.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 11te Februar 1876.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*Nellemann.*